



Það sem skemmtiferðaskipaiðnaðurinn hefur óttast raungerðist á dögnum þegar Alþingi samþykkti ný lög sem kveða á um innviðagjald á skemmtiferðaskip í millilandasiglingum. Samkvæmt lögnum skal greiða 2.500 krónur fyrir hvern farþega á skemmtiferðaskipi fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem skipið dvelur í höfn hér á landi eða á tollsvæði ríkisins.

Löggjöfin tekur mið af ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, sem samþykkt var á Alþingi í júní síðastliðnum. Með lögnum er stefnt að því að jafna samkeppnisstöðu innlendra og erlendra fyrirtækja í ferðaþjónustu, auk þess að tryggja fjármögnun uppbyggingar innviða á landsvísu.

Samkvæmt lögnum rennur innviðagjaldið til uppbyggingar innviða og er ætlað að létta á samkeppnisstöðu innlendra ferðaþjónustufyrirtækja gagnvart erlendum aðilum. Samhliða þessu var gistináttaskattur á skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum staðfestur.

Lögin fela í sér nýja nálgun í skattlagningu skemmtiferðaskipa, en þau hafa verið umdeild meðal hagsmunaaðila í atvinnugreininni.

Markmið og framkvæmd innviðagjaldsins

- Gjaldtaka: Innviðagjaldið leggst á hvern farþega skemmtiferðaskipa á meðan skipið er á tollsvæði ríkisins, sbr. 2. gr. tollalaga.
- Undanþágur: Gjaldtakan gildir ekki fyrir áhöfn skemmtiferðaskipa né fyrir skip í nauð sem hafa orðið fyrir árekstri, sjóskemmda eða öðrum ófyrirséðum áföllum.
- Álagning: Ríkisskattstjóri mun sjá um álagningu og innheimtu innviðagjaldsins. Skattskyldir aðilar skulu skila upplýsingum um fjölda farþega innan sjö daga frá brottför skipsins af tollsvæði ríkisins.

Viðbrögð og áhrif

Við höfum á undanförunum mánuðum lagt mikla vinnu í að tryggja hagsmuni okkar og hagsmunaaðila með markvissum aðgerðum. Aðgerðirnar hafa snúist um að beita alþingismenn og helstu nefndir Alþingis þrýstingi auk lykilorðuneyta og annarra hagaðila til að tryggja að rödd okkar heyrist þegar kemur að innleiðingu innviðagjalda og afnám tollfrelsis á skemmtiferðaskip sem koma til Íslands.

Við höfum meðal annars krafist faglegra vinnubragða, ítarlegs mats á afleiðingum, aukins samráðs og fjárféðs aðlögunartíma við innleiðingu innviðagjalda og afnáms tollfrelsis. Auk þess að áhersla hefur verið lögð á að tryggja jafnvægi í ferðaþjónustu, sjálfbærni og dreifingu ferðamanna um landið.

Við höfum beint sjónarmiðum okkar að eftirfarandi aðilum:



Cruise Iceland

- **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis:** Þar höfum við lagt áherslu á að skýra mikilvægi tollfrelsis og áhrifa þess á rekstrarumhverfi fyrirtækja, ásamt mikilvægi þess að lágmarka óvissu og áhrif í greininni. Þá hefur útfærsla innviðagjalds verið harðlega gagnrýnd þar sem gjaldið leggst á ferðir sem þegar hafa verið seldar og greiddar að fullu. Að mati Cruise Iceland er þar um afturvirka gjaldtöku að ræða.
- **Fjárlaganefnd Alþingis:** Við höfum kallað eftir tilliti til kostnaðar og áhrifa innviðagjalda á bæði fyrirtæki og neytendur þar sem um verulegar fjárhæðir er að ræða. Stjórnvöld virðast ekki gera sér grein fyrir að um verulega skattheimtu er að ræða. Eitt skip í góðri stærð mun greiða tæplega hálfan milljarð aukalega í gjöld bara vegna innviðagjaldsins.
- **Innviðaráðuneytið:** Við höfum lagt fram rök fyrir því að innviðagjald þurfi að endurspeglarunverulega þörf fyrir uppbyggingu á sviði innviða, án þess að valda óþarfa álögum.
- **Fjármála- og efnahagsráðuneytið:** Við höfum þrýst á breytingar sem auka gagnsæi og sanngirni í tollamálum. Embættismenn ráðuneytisins hafa villt um fyrir hagaðilum með því að segja að innviðagjaldið yrði aðeins lagt á ferðir sem eru seldar eftir 1. janúar 2025. Það var ekki efnt. Gjaldið leggst á allar ferðir sem þegar hafa verið seldar.
- **Menningar- og viðskiptaráðuneytið:** Við höfum bent á hvernig tollfrelsi og minni álögur geta haft jákvæð áhrif á menningarlega og viðskiptalega þróun í landinu, sérstaklega á áfangastöðum sem ekki njóta hefðbundinnar umferðar ferðamanna.

Við höfum einnig átt í virku samtali við aðra hagsmunaaðila, þar á meðal fyrirtæki og samtök í greininni til að mynda breiða samstöðu um þessi mikilvægu málefni.

Bent hefur verið á að innviðagjaldið geti haft áhrif á áætlanagerð skemmtiferðaskipafélaga og leitt til fækkunar á viðkomustöðum á Íslandi, en stjórnvöld vona að nýju lögin skili jákvæðum áhrifum til lengri tíma með bættri uppbyggingu innviða.

Tollfrelsi leiðangursskipa sem sigla hringinn í kringum landið með farþega fellur ekki úr gildi um áramót eins og til stóð og við fögnum því að hafa náð því fram. Með þessu er brugðist við ákalli um lengri aðlögunartíma og hann lengdur um eitt ár.

###

A G L O B A L P U B L I C R E L A T I O N S F I R M

Cohn & Wolfe is a global leader in the public relations industry and part of the WPP family of communications service companies

Cohn & Wolfe Íslandi | sími/tel +354 5525100